



# Oddeyrarskóli

Kynning 12. febrúar 2020



## Um skólann



- Stofnaður 1957
- Um 200 nemendur í 1. – 10. bekk
- Rúmlega 40 starfsmenn
- Einn bekkur í hverjum árgangi, 17-26 nemendur í árgangi.



## Skólustarfið

- Eitt skólaár, ekki annakerfi.
- Tvisvar leiðsagnarmat og einu sinni lokamat (með einkunn).
- Skólustarf hefst 8:10, skólinn opnar 7:45
- Boðið upp á hafragraut í upphafi dags.

# Sýn Oddeyrarskóla



Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.


**Jákvæður skólabragur** byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu.

Við sköpum **áhuga** meðal einstaklinga með því að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður.

Við byggjum upp **metnað** með því að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika til að ná árangri. Mat á starfinu skal sett fram með leiðbeinandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að þróa og efla starfið.



# Foreldrasamstarf



- Nemenda- og foreldraviðtöl í nóvember og mars.
- Góður aðgangur að kennurum, stjórnendum og námsráðgjafa.
- Heimsóknir kennara til nemenda í 1. og 8. bekk
- Reglulegir teymisfundir þar sem halda þarf betur utan um málefni barns.



## Byrjendalæsi

- Kennsluaðferð sem nær til allra þátta tungumálsins; lesturs, ritunar, tals og hlustunar.
- Áhersla lögð á að nota gæðatexta með góðum orðaforða.
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir, t.d. námsstöðvar með ýmsum verkefnum sem hæfa ólíkri stöðu nemenda.

# Skólapróun í Oddeyrarskóla

- Mikil áhersla á **upplýsingatækni** í námi nemenda:
  - Google for education og ýmis fylgiforrit.
- **Heilsueflandi grunnskóli**
- **Teymisvinna starfsmanna - teymiskennsla**
- **Samræður í námi**
- **DAM – Betri sjálfsmynd, bætt líðan**
- **Hugarfar vaxtar (growth mindset)**





## SMT skólafærni - einkunnarorð







# Hrósmiðakerfi - Þrumur

- Mikilvægt að starfsfólk hafi yfirsýn yfir hrósmiðagjöf.
- Styrkja hegðun **einstaklinga** og **hópa**.
- Setja orð á hrósið, fyrir hvað – vísa í reglur.
- Hægt að nota ýmis form
  - Skrá dagsetningar á bekkjarlista
  - Nota sérstaka vasa merkta nemendum svo hægt sé að sjá til þess að allir fái nokkurn veginn jafn mikið.
  - Sýnileiki á vegg.



# Verklag

- **Skólareglur** skýrar og sýnilegar
  - Breytt uppsetning – til einföldunar
- **Skýr skilaboð**
- Samræmt **skráningarkerfi** í dagbók – Stuðlar að vandaðri vinnubrögðum í einstaklingsmálum.
- **Agafarli, aðgerðir í samvinnu við foreldra**
- Hvatningarmiðar: **Þrumur - þrumuveislur**

# Lífshlaupið 2020, zumba á setningarhátíð



